

Fundur 26. október 2007

Ár 2007 þann 26. október kl. 13:00 kom Bruna- og almannavarnarnefnd til fundar. Mættir aðalmenn og slökkviliðsstjóri.

Dagskrá:

1. Úttektarskýrsla 2007, málin rædd og er Agli og Guðmundi falið að finna út þörf fyrir fæðilagnir 3" og 4" ofl. Guðmundi og Erni falið að kanna talstöðvar og hjálma 2 stk. fyrir reykkafera + 2-3 stöðvar. Stefáni falið að fá 2 stk. nýja kúta og koma tækjum og kútum í prófunarstöð.
2. Húsnæðismál. Nefndin telur rétt að Suðurbraut 5, norðurendi, verði keypt fyrir starfsemi slökkviliðsins og verði breytt sem allra fyrst svo hægt sé að koma búnaði liðsins þar fyrir. Egill sat hjá.
3. Brunavarnaráætlun. Stefnt skal að því að ljúka henni fyrir vor 2008.
4. Dælubíll. Ljúka þarf við að útbúa bílinn sem fyrst og er slökkviliðsstjóra og formanni nefndar falið að fylgja því eftir.
5. Eldvarnareftirlit. Nefndin mælir með að samið verði við fyrirtækið Eldstoðir ehf um eldvarnareftirlit í sveitarfélaginu og eru slökkviliðsstjóri og sveitarstjóri beðnir um að leita til þeirra.

Fundi slitið kl. 15:40.

Egill Sigurgeirsson (sign)

Örn Sveinsson (sign)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Guðmundur Ólafsson (sign)